

Nd.

321. Ágreiningsnefndarálit

um frumvarp til laga um aðflutningsbann á áfengi.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Þó að eg hafi ekki til þrautar getað átt samleið með hinum háttv. meiri hluta nefndarinnar (þingskj. 304 og 305), er eg honum þó nokkurn veginn sam-

þykkur í allmörgum atriðum og skamt bil á milli skoðana okkar í ýmsu öðru. Í frumsökinni greinir okkur ekki á að því leyti, að eg vil ekki skilyrðislaust að svo vöxnu máli ráða frá því að taka í mál lög um bann á aðflutningi áfengis. Eg lít svo á, að úr því að meiri hluti kjósenda í landinu, þeirra er atkvæði greiddu við síðustu alþingiskosningar, hefir óskað eftir því, að bannað verði að flytja áfengi eftirleiðis til landsins, að þá eigi að taka það til greina og gera mönnum kost þess. Að þessu leyti, sem er aðalatriðið, er því meiri hlutinn og eg sammála. Um hitt stendur ágreiningurinn, hvernig lögin um þetta bann eigi að vera. Þar skilur okkur á í meginatriðum. Að vísu greinir okkur ekki svo mjög á um það, að tryggja beri sem bezt, að áfengisflutningur til landsins geti ekki átt sér stað, heldur er það um víðurlögin og ýmiskonar atferli til þess að koma brotum upp, sem skoðanamunurinn er. Vil eg að um hegningarnar sé gætt alls þess hófs og á höfð öll sú nærgætni og vægð við mannlegan veikleika sem framast er hægt, án þess að lögin þó missi tilgang sinn, sem er að koma í vög fyrir ofdrykkju í landinu.

Eins og frumvarp þetta hefir verið flutt inn á þingið er það að minnu áliti óhafandi fyrir margra hluta sakir, hegningarákvæðin þar alt of gifurleg, eignarréttur manna þar að engu hafður og gengið alt of nærri persónulegu frelsi manna, og þess utan er þar sett á stofn launuð stétt manna til þess að sitja um hrasanir náungans, koma þeim upp og færa þær í víti. Að vísu hefir nú meiri hlutinn kannast við það, að frumvarpið sé of hart um flest þessi efni og hefir því lagt það til, að dregið yrði töluvert úr flestum ákvæðum frumvarpsins, er að þessu hníga. Þó hefir það ekki getað snúist til þess hófs, að eg hafi mátt fylgja þeim.

Í heild sinni er málefni þetta svo mikið, að eg get ekki ráðið til þess, að frumvarp það, er nú liggur fyrir þinginu, — þó að það yrði nú samþykkt í lagaformi — megi ná konungsstaðfestingu, fyrri en búið er að bera málefni þetta undir allan landslýð aftur. Eg hefi því leyft mér að leggja það til, að bætt verði aftan við frumvarpið niðurlagsákvæðum um stundarsakir, er ganga í þessa átt. Breytingartillögur hefi eg og nokkrar leyft mér að gera við frv., og þó ekki til hlítar. En allar miða þær að því að draga úr hinum gifurlegustu hegningarákvæðum þess, og að færa það svo til nokkurs þess hófs, að það yrði þolandi, þó að frv. yrði að lögum. Að öðru leyti mun eg við umræðurnar gera frekari grein fyrir afstöðu minni til þessa máls.

Breytingartillögur mínar verða þessar:

1. Við 5. gr. 2. málgr. Fyrir orðin: »ef út af brýtur« komi: »ef hann brýtur það, er nú er mælt«.
2. — — 3. málgr. 1.—2. lína. Fyrir orðin: »skipsforða og« komi: »skipsforða, og eigi á að fara til neins af þeim mönnum, er heimild hafa til áfengisaðflutnings frá útlöndum samkvæmt lögum þessum«.
3. — 9. gr. 1. málgr. 3. línu. Orðin; »gefa . . . á annan hátt« falli niður.
4. — — 1. málgr. 6. línu. Fyrir orðin: »Áður en 8 vikur eru liðnar skulu eigendur« komi: »Á ársfresti skulu veitingamenn og vinsölumenn«.
5. — — Önnur málgr. (»Ákvæði . . . gildi«) falli niður.

6. Við 9. gr. Aftan við 9. gr. komi svohljóðandi málsgrein:
 »Veitingamönnum þeim og vinsölumönnum, er missa veitinga- og vinsöluleyfi af því, að lög þessi komast á, skulu koma fyrir það skaðabætur af almannafé eftir tveggja dómkvaddra óvilhallra manna mati«.
7. — 10. — 1. línu. Orðin: »Með rökum« falli niður.
8. — — — 2. lína. Eftir orðið: »áfengis« komi: »fyrir borgun«.
9. — — — 2. málsg. Fyrir orðin: »vörzlum . . er hjá« komi: »vörzlum hans«.
10. — 11. — 1. lína. Eftir orðið: »áfengis« bætist: »fyrir borgun«.
11. — — — 2. lína. Eftir orðin: »veitt er« bætist: »fyrir borgun«.
12. — — — 2.—3. lína. Fyrir orðin: »ef engir . . . krafist er« komi: »En því að eins má láta hann staðfesta framburð sinn með eiði, að hann hafi ekki verið svo drukkinn, að viti sínu væri hann fjær eða horfinn minni«.
13. — 13. — 13. gr. falli niður og greinatalan breytist eftir því.
14. — 14. — 1. lína. Fyrir: »varða . . . 5000 kr.« komi: »varða i fyrsta sinn sektum frá 100—500 kr. eftir málavöxtum«.
15. — — — 2. lína. Fyrir: »varðar . . fangelsi« komi: »varðar 200—1000 kr. sekt«.
16. — — — 3.—4. lína. Fyrir: »betrunarhúsvinnu« komi: »einföldu fangelsi«.
17. — — — 4. málsg. orðist svo: »Þau eru og viðurlög á brotum þessarar greinar, að jafnan skal hið ólöglega aðflutta áfengi gert upptækt og því helt niður«.
18. — 15. — 1. málsg. Fyrir orðin: »500 . . . lögum« komi: »100—500 krónur, og sé brotið itrekað, fer um sektir sem segir i 14. gr.«
19. — — — 2. málsg. Fyrir orðin: »að veita . . . af hendi« komi: »að veita fyrir borgun eða selja«.
20. — — — sama málsg. Fyrir orðin: »200 . . . fangelsi« komi: »100—200 kr., og sé brotið itrekað fer um sektir sem segir i 14. gr.«
21. — 16. — 1. lína. Fyrir: »50—1000 kr.« komi: »50—500 kr.«
22. — — — Fyrir orðin: »niður; svo . . . i landssjóð« komi: »niður, og skal andvirði ílátanna renna i landssjóð«.
23. — 17. — Fyrir: »200—2000 kr.« komi: »100—500 kr.«
24. — — — Fyrir: »2—10 ár« komi: »um tíma«.
25. — 19. — 19. gr., sem verði 17. gr., hljóði svo: »Allar sektir eftir lögum þessum renna i landssjóð«.
26. — 22. — Fyrir: »1912« komi: »1916«.
27. Aftan við frumvarpið bætist svolátandi:

Niðurlagsákvæði um stundarsakir.

Eigi má leita konungsstaðfestingar á lögum þessum fyrri en þau hafa verið borin undir alþingiskjösendur hér á landi og þeir hafa greitt atkvæði um þau og samþykkt þau með að minsta kosti þrem fimtungum atkvæða allra atkvæðisbærra manna i landinu. Atkvæðagreiðsla þessi skal vera leynileg. Skal hún framkvæmd svo tímanlega að hún geti legið fyrir þinginu 1911 áður en því ljúki. Ráði nægur atkvæðafjöldi kjósenda i landinu til þess, að þau nái staðfestingu óbreytt og samþykki alþingi 1911 það, skal leita staðfestingar á þeim, en eigi að öðrum kosti.

Alþingi 23. Marts 1909.

Jón Þorkelsson.